

Satt og logið um stríðið í Úkraínu

Fréttamaður RÚV lýsti því með andköfum um daginn, að fundist hefði myndband af afhöfðun úkraínsks hermanna. Það lá í orðunum, að hér væru rússneskir hermenn að verki. Rússar sögðust ætla að athuga málið. En síðan hefur allt verið hljótt á áróðursvígstöðvum RÚV.

Væri þessi fjölmiðill samkvæmur sjálfum sér, ætti hann líka að birta neðangreinda frétt, þar sem hermenn frá Úkraínu lýsa því, hvernig þeir eru sendir í dauðann af yfirmönnum sínum, sem hirða hýru fallinna undirmanna. Er þetta satt eða logið?

Nefndur miðill – skal samkvæmt lögum vera hlutlaus í fréttáflutningi og upplýsa um allar hliðar máls – hefur ekki vikið einu orði að spillingu úkraínska leiðtogans, sem íslenskir ráðherrar lofa og príska, faðma og kyssa.

Hinum kynþokkafulla Volodymyr verður seint fullnægt. Hann betlar stöðugt meira fé. Valkyrjusysturnar af Íslandi lofuðu frekari fjármunum frá íslenskum skattgreiðendum. Betlarinn nuddar líka sífellt í öðrum leiðtogum Vesturlanda. Jósef strýkur honum ofurlítið og hvíslar ljúflega í eyru hans, enda á Jósef honum og auðjöfravinum hans eitt og annað upp að inna – ófáa dali.

Seymour Hersh, blaðamaðurinn góðkunnir, skrifaði nýlega grein, þar sem hann heldur því fram, að Volodymyr hafi skammtað sér 400 miljóna dala þóknun af eldsneytisgreiðslum frá bandarískum skattgreiðendum. Olían, sem knýr vígtólin hans (flest frá bandarískum skattgreiðendum líka), kemur frá Rússum, að mestu leyti.

Samtímis raknar lygavefurinn um eðli stríðsins og þátttakendur eins og nýlega lekin skjöl bera með sér. Í raun eru vesalings Úkraínnumenn það í tafla stórveldanna í stríði, sem var vandlega undirbúið af Nató með Bandaríkjamenn og Breta – eins og tíðum – í broddi fylkingar.

Stríðsbandalag Nató hangir saman á lygahorriminni. Það er dáðleysi með eindæmum, að Þjóðverjar og aðrir eigendur gaslagnarinnar, sem Norðmenn og Bandaríkjamenn sprengdu í loft upp, skuli ekki svara slíkri stríðsyfirlýsingu.

Úkraínsku hermennirnir eru skyldaðir til að fórna sér fyrir Bandaríkin/Nató í stríði þeirra og Rússa. Þúsundir bandarískra hermanna eru reiðubúnar til þátttöku í bandalagsríkjunum hringinn í kringum Úkraínu, komi kallið. En engu að síður draga

bandarískir piltar lappirnar. Færri vilja út að drepa í þágu lýðræðis, mannréttinda og friðar yfirvalda sinna.

Æ fleiri þeirra virðast gera sér grein fyrir, að stríðstílefnið sé í raun yfirvarp til að opna aftur þá ránsleið, sem Bandaríkjamenn og fyrrverandi forseti Rússlands, Boris Yeltsin (1931-2007), stikuðu við fall Ráðstjórnarríkjanna. Bandarískt og alþjóðlegt auðvald ágirnist auðlindir Rússlands nú eins og áður.

<http://www.informationclearinghouse.info/57472.htm>

<https://www.globalpolitics.se/scott-ritter-kort-om-usa-nato-tyskland-nord-stream-sabotaget-och-om-ukraina/>

https://steigan.no/2023/04/glenn-greenwald-mediene-avslorte-at-de-jobber-for-fbi-og-cia/?utm_source=substack&utm_medium=email

<https://frettin.is/2023/03/14/katrin-og-thordis-kolbrun-fa-sneid-af-selenski/>

<https://frettin.is/2023/04/07/fjarstudningur-islenska-rikisins-vid-ukrainu-nemur-45-milljardum-krona/>

<https://archive.md/ZiZMI>

<https://www.globalpolitics.se/det-heliga-kriget/>

https://steigan.no/2023/04/tucker-carlson-ukraina-krigen-er-en-lognens-krig/?utm_source=substack&utm_medium=email

<https://frettin.is/2023/04/02/svona-laug-amerika-um-stridsglaep-putins/>

<http://www.informationclearinghouse.info/57467.htm>

<https://frettin.is/2023/03/31/kynjaverold-faranleikans/>

<https://www.realthistorychan.com/anyt-04072023.html>

<http://www.informationclearinghouse.info/57466.htm>

<http://www.informationclearinghouse.info/57465.htm>

<https://eurasianimes.com/ukraine-war-zelensky-embezzled-400-million-allocated-by-the-us-for-purchasing-fuel-seymour-hersh/>

<http://www.informationclearinghouse.info/57470.htm>

